

## **381. – Stjórnarfundur LEB 3. apríl 2024**

**Kl. 10.00 – fjarfundur**

### **Mættir:**

**Aðalstjórn:** Helgi Pétursson, Drífa Sigfúsdóttir, Sigrún C. Halldórsdóttir, Ingibjörg H. Sverrisdóttir og Þorbjörn Guðmundsson

**Varastjórn:** Ásgerður Pálsdóttir og Magnús Jóhannes Magnússon.

**Forföll:** Jónas Sigurðsson

Viðar Eggertsson skrifstofustjóri LEB sat fundinn og skrifaði fundargerð. Formaður ritaði niðurlag fundargerðar.

### **Dagskrá**

#### **1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar, 29. febrúar, borin upp til samþykktar**

*Samþykkt*

#### **2. Dagskrá Landsfundar 2024**

- a) *Samþykkt að fá valda fyrirlesara frá ráðstefnu Öldrunarráðs 28.febrúar sl. Til að halda erindi um tölvuvarnir.*
- b) *Samþykkt að fá forystumenn helstu stéttarfélaganna til að halda ávörp um kjaramál eldra fólks, t.d. ASÍ, BSRB og BHM*
- c) Sérstakur ræðumaður haldi „gusu“ í upphafi Landsfundar.

#### **3. Tillögur stjórnar og viðbrögð vegna stöðu kjaramála eftir kjarasamningalotu**

*Samþykkt að beina því til kjaranefndar að semja ályktun um kjaramál til að leggja fyrir Landsfund.*

Þorbjörn, sem jafnframt er formaður kjaranefndar, hyggst kalla kjaranefnd saman til fundar næsta mánudag.

*Stjórn samþykkir að halda staðfund mánudaginn 22. apríl kl. 13.00 til að ganga frá endanlegri dagskrá Landsfundar og tillögu sem bera á upp þar.*

Stjórn samþykkir að haldin verði sérstök ráðstefna í haust um öldungaráð með þátttöku fulltrúa eldri borgara í öldungaráðum allra sveitarfélaga.

#### **4. Önnur mál**

##### **a) Fundur norrænna landssambanda eldri borgara - NSK**

Drífa mun sækja fund NSK sem haldinn verður í Stokkhólmi 7.-9. maí nk. Slíkum ferðum fylgir alltaf einhver kostnaður auk vinnuframlags þess sem sækir slíkan fund.



**LEB**

Landssamband eldri borgara

Sigrún gjaldkeri leggur fram eftirfarandi tillögu:

*Um greiðslur vegna ferða á fundi erlendis vegna LEB :*

*Samþykkt að notað verði sem viðmið flokkur 3 (Norðurlöndin eru þar), **Annað** sem er 94 SDR á dag ca. 17.596,- krónur og það verði greiðsla á dag fyrir þá daga sem viðkomandi þarf að dvelja erlendis.*

*Einnig verði greitt fyrir lest eða strætó stundum leigubíl til að komast á áfangastað.*

*Í ferð nú í máí þarf ekki að greiða fyrir hótél þar sem að það er greitt af ráðstefnuhaldara.*

*Tillagan samþykkt*

Viðar Eggertsson víkur af fundi.

**b) Starfsmannamál.**

- Fyrir fundinum liggur undirritaður ráðningasamningur við nýjan skrifstofu- og markaðsstjóra sem hefja mun störf nk. föstudag, 5.apríl

- Fyrir fundinum liggja drög að starfslokasamningi fráfarandi skrifstofustjóra sem hefur starfað samningslaus frá því að ráðningasambandi hans lauk við LEB 15. janúar sl.

**c) Bókun**

Ingibjörg H. Sverrisdóttir óskar eftir að eftirfarandi bókun hennar verði færð í fundargerðina undir dagskrárliðnum Önnur mál:

Af gefnu tilefni vegna bókunar Þorbjörns í fundargerð stjórnarfundar LEB nr. 380 þann 29. febrúar, vil ég taka fram, þar sem hann beindi orðum sínum sérstaklega að mér í umræðum um þetta ákveðna mál áður en hann lagði fram bókun þessa, að ég hafði ekki með stjórn og framgang kosninga í FEB Reykjavík að gera á síðasta aðalfundi félagsins og er ekki kunnugt um flokksaðild nema þriggja af þeim sjö sem kjörin voru.

Það er ómaklega að mér vegið að ætla það að ég hafi haft með ákvörðun um framboð þess fólks sem kjörið var að gera eða með hvaða hætti það hagaði sinni kosningabaráttu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:30

Fundargerð rituðu Viðar Eggertsson og Helgi Pétursson.

Fundargerð samþykkt á stjórnarfundum 22. apríl. 2024

Helgi Pétursson formaður LEB